

Lög

Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi

1. Kafli

1. gr.

Félagið heitir Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi, skammstafað FebSel og er félag áhugafólks um málefni þess.

Heimili þess og varnarþing er á Seltjarnarnesi.

2. gr.

Markmið félagsins er að vinna að velferðarmálum aldraðs fólks með því m.a. að:

- a) Vekja athygli sveitarstjórnar og íbúa sveitarfélagsins og auka skilning almennings, ríkis og sveitarfélags á þörfum eldri borgara og þar með efla félagslegt og efnahagslegt öryggi eldra fólks.
- b) Stuðla að fjölbreyttri þjónustu við eldri borgara sem miðar að því að viðhalda andlegri og líkamlegri virkni þeirra og lífsgæðum.
- c) Efla tómstunda- og félagsstarf meðal eldri borgara.
- d) Vinna að öðrum þeim málum sem til hagsbóta teljast fyrir eldri borgara.
- e) Vinna að úrbótum í húsnæðismálum eldri borgara.
- f) Fylgjast með lagasetningu Alþingis sem varðar hagsmuni aldraðra og beita áhrifum sínum með viðræðum, samstarfi og samningum við ríkisstjórn og sveitarfélög, m.a. með tilnefningu fulltrúa í Öldungaráð Seltjarnarness (3 FebSel fulltrúar + 3 til vara) og í aðrar nefndir og ráð.
- g) Félagið er óháð stjórn málaflökkum og tekur ekki afstöðu til trúamála.

2. Kafli

Alild að félaginu, árgjöld og tekjur.

3. gr.

Félagar geta orðið einstaklingar sem þess óska og búsettir eru á Seltjarnarnesi, enda greiði þeir áskilin árgjöld og hafi náð 60 ára aldri og/eða eftirlaunaaldri. Makar

félagsmanna eiga rétt á aðild að félaginu, óháð aldri þeirra. Þeir félagsmenn sem flytja lögheimili af Seltjarnarnesi geta verið félagar áfram óski þeir eftir því. Einstaklingar, félög og fyrirtæki geta orðið styrktaraðilar. Styrktaraðilar hafa þó ekki atkvæðisrétt á fundum félagsins. Stjórn félagsins skal halda skrá yfir félagsmenn.

4. gr.

Tekjur félagsins eru félagsgjöld, rekstrarstyrkur Seltjarnarnesbæjar á hverjum tíma, gjafir og einstök framlög, aðrar tilfallandi tekjur sem félagið kann að afla sér. Fjárhæð árgjalds skal ákveðin á aðalfundi félagsins ár hvert. Félagið skal vera í Landssambandi eldri borgara. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningar félagsins og ársskýrsla stjórnar skulu liggja frammi í minnst eina viku fyrir aðalfund.

3. Kafi

Skipan stjórnar og aðalfundur

5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Í stjórn skulu sitja 7 félagsmenn, fimm í aðalstjórn og tveir í varastjórn; varamenn njóta atkvæðisréttar þegar þeir gegna störfum aðalmanns. Formaður skal kosinn sérstaklega til 1 árs, 4 aðalmenn og 2 varamenn skulu kosnir til 2ja ára. Endurkjör er heimilt en ekki skulu fleiri en 3 ganga úr stjórn hverju sinni. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum varaformanns, ritara og gjaldkera að loknum aðalfundi ár hvert. Formaður er forsvarsmaður félagsins, hann boðar til funda og stjórnar þeim. Stjórn félagsins ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Engin föst laun greiðast fyrir stjórnar- eða fundarsetu. Öll meiriháttar mál skal stjórnin bera undir félagsfund. Allir félagsmenn eru kjörgengir.

Á aðalfundi skal kjósa 2 skoðunarmenn til eins árs í senn.

Aðalfund skal halda hvert ár í febrúar og boða til hans bréflega eða með öðrum hætti með minnst einnar viku fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar:

- . Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- . Lögð fram skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
- . Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir ársreikningar félagsins.
- . Umræður um skýrslu og ársreikninga.
- . Kosning formanns.
- . Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna.

- . Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og eins til vara.
- . Kosning fulltrúa á þing Landssambands eldri borgara það ár sem þing er.
- . Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna.
- . Lagabreytingar.
- . Önnur mál.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundi er þó óheimilt að samþykkja fjárskuldbindingar sem ekki hafa áður hlotið umfjöllun stjórnar félagsins.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi, nema annað sé ákveðið í lögum þessum.

4. Kafi

Félagsstjórn

6. gr.

Á stjórnar- og félagsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Til lagabreytinga þarf a.m.k. 2/3 - tvo þriðju hluta- greiddra atkvæða. Tillaga til lagabreytinga skal tilkynnt í fundarboði aðalfundar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef til þeirra er boðað með tilskyldum fyrirvara og á lögmætan hátt.

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipta aðalmenn í stjórn með sér verkum í embætti varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Formaður stjórnarfundum stjórnar.

5. Kafi

Deildir og nefndir

7. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að stofna sérstakar deildir eða skipa nefndir til að annast tiltekin verkefni, ákveða verksvið þeirra og setja þeim starfsreglur. Starf deildar eða nefndar stýrir formaður úr hópi stjórnarmanna ásamt tveimur nefndarmönnum úr hópi almennra félagsmanna í viðkomandi deild eða nefnd. Formenn deilda og nefnda skulu kosnir árlega á félagsfundi. Skulu þeir m.a. sjá til þess að fundargerðir eða skýrslur um starfsemina berist stjórn félagsins reglulega.

6. Kafli

Félagsslit

8. gr.

Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal boða til kynningarfundar um tillöguna með minnst einnar viku fyrirvara. Sérstakur félagsslitafundur tekur síðan lokaákvörðun og skal hann boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Verði félagsslit skulu eignir félagsins renna til hagsmunamála aldraðra samkvæmt ákvörðun sama félagsfundar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi eftir samþykkt þeirra á stofnfundi/aðalfundi.

Seltjarnarnesi 29. febrúar 2024.